

Mál nr. 60/2019**M og
V vegna ábyrgðartryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu vegna munatjóns.****Gögn.**

Málskot, móttækið 01.02.2019, ásamt fylgiskjali.

Bréf V, dags. 27.2.2019

Málsatvik.

Hinn 23. júlí 2018 var starfsmaður M að aðstoða heimilismann að M við ísetningu heyrnartækja. Var starfsmaðurinn með heyrnartækin í höndunum en þegar til stóð að koma þeim fyrir í eyrum heimilismannsins fannst aðeins annað þeirra. Þrátt fyrir leit í íbúð tjónþola hefur hitt tækið ekki fundist.

Samkvæmt tjónstilkynningu M til V var annar starfsmaður vitni að þessum atburði. M telur að heyrnartækið hafi týnst vegna mistaka (gáleysis) starfsmanns og að ábyrgðartrygging M hjá V eigi að ná til slíkra tilvika.

Í bréfi sínu til nefndarinnar rekur V að til þess að skaðabótaábyrgð stofnist þurfi M að sýna fram á að tjónið megi rekja til saknæmrar og ólögmætrar háttsemi. Af gögnum verði hins vegar ekki ráðið að háttsemi starfsmannsins hafi verið með einhverjum öðrum hætti en almennt tíðkaðist við þetta verkefni. Því sé ekki sýnt fram á að viðkomandi starfsmaður hafi sýnt af sér gáleysi við starfið.

V hafnar því bótaskyldu á grundvelli þess að ekki hafi verið sýnt fram á að tjónið hafi komið til vegna saknæmrar og ólögmætrar háttsemi M, starfsmanna M eða annarra atvika eða aðstæðna sem M beri ábyrgð á, heldur hafi verið um óhappatilvik að ræða.

Álit.

Til að um skaðabótaábyrgð samkvæmt reglunni um vinnuveitandaábyrgð sé að ræða, og þar með bótaskylda úr umræddri ábyrgðartryggingu, þarf fyrst og fremst að sýna fram á saknæma háttsemi starfsmanns M, þ.e. ásetning eða gáleysi hans. Eins og málum er háttað hér liggja engin frekari gögn um atvik málsins fyrir nefndinni. Þannig er ekki að finna í málsgögnum neina sjálfstæða atvikalýsingu frá viðkomandi starfsmanni eða þeim starfsmanni sem varð vitni að atvikinu. Þannig er ekki ljóst að umræddur starfsmaður hafi sýnt af sér gáleysi, eða hagað störfum sínum á óvanalegan hátt, í umrætt sinn. Er því ekki sýnt fram á að starfsmaðurinn hafi sýnt af sér gáleysi við meðferð heyrnartækjanna. Því er óhjákvæmilegt að líta svo á að um óhappatilvik hafi verið að ræða og að bótaskylda sé ekki fyrir hendi.

Niðurstaða.

Bótaskylda úr ábyrgðartryggingu M er ekki fyrir hendi.

Reykjavík, 26. mars 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.